

AUGLÝSING

um staðfestingu á deiliskipulagi frístundabyggðar að Indriðastöðum, Skorradalshreppi.

Nýtt deiliskipulagssvæði og breyting á deiliskipulagi.

1) Deiliskipulag Bleikulágarási.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Skorradalshrepps samþykkt þann 14. febrúar 2001, nýtt deiliskipulag af frístundabyggð á Bleikulágarási í landi Indriðastaða, Skorradalshreppi í Borgarfirði.

2) Breyting á deiliskipulagi Bátaskýlasvæðis.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Skorradalshrepps samþykkt þann 14. febrúar 2001, breytingu á deiliskipulagi af bátaskýlasvæði í landi Indriðastaða, Skorradalshreppi í Borgarfirði.

Greinargerð og uppdættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagssvæði þessi öðlast þegar gildi.

F.h. Skorradalshrepps, 10. apríl 2001.

Bjarni O.V. Þóroddsson byggingafulltrúi Skorradalshrepps.

REGLUGERÐ

um veitingu sérfræðileyfa í sjúkraþjálfun.

1. gr.

Rétt til að kalla sig sérfræðing í sjúkraþjálfun og starfa sem slíkur hér á landi hefur sá einn, er til þess hefur fengið leyfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

2. gr.

Umsókn um sérfræðileyfi ásamt gögnum sem staðfesta menntun og starfsreynslu skal senda til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis.

3. gr.

Áður en sérfræðileyfi í sjúkraþjálfun er veitt skal leita umsagnar þriggja manna sérfræðinefndar sem ráðherra skipar. Í nefndinni skal vera einn fulltrúi tilnefndur af Félagi íslenskra sjúkraþjálfara, einn fulltrúi námsbrautar í sjúkraþjálfun við Háskóla Íslands og einn tilnefndur af landlækni.

4. gr.

Til þess að sjúkraþjálfari geti átt rétt á að öðlast sérfræðileyfi í sjúkraþjálfun, skal hann fullnægja eftirtöldum kröfum:

1. Hann skal hafa hlotið starfsleyfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra til að starfa sem sjúkraþjálfari hér á landi, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1976, um sjúkraþjálfun.
2. Hann skal hafa lokið meistaraþrófi eða doktorsþrófi frá viðurkenndum háskóla eða hafa sambærilega menntun.